

Föstudaginn 21. september 1990.

Nr. 192/1990. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Michael Kristensen Sigurjónssyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu.
Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990. Hann krefst þess, að „ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 2. mgr. i.f. 101. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Ennfremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir rétti til ríkissjóðs“.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds. Þá krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Ásgeir Eiríksson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni máls þessa var í upphafi rannsakað af lögreglunni í Reykjavík. Með bréfi 29. júlí 1988 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík málið til bæjarfógetans í Keflavík. Hinn 8. ágúst 1988 tók Úlfar Lúðvíksson, annar fulltrúi við embætti bæjarfógetans, málið fyrir sem fulltrúi lögreglustjóra og ákvað að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða með vísan til 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa ákvörðun birti Ásgeir Eiríksson ákærða hinn 7. september 1988 sem fulltrúi lögreglustjóra. Lögreglurannsókn fór fram í málinu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík hinn sama dag. Hinn 14. júní 1989 tók Ásgeir Eiríksson málið fyrir á ný og þá aftur sem fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík. Var þá fært til bókar: „Ákvörðun um bráðabirgðasviptingu felld niður að svo stöddu.“

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 4. desember 1989.

Ár 1989, mánudaginn 4. desember, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eiríkssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88, 1944: Ákærvaldið gegn Michael Kristensen Sigurjónssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 14. júní sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru dags. 7. mars sl. á hendur „Michael Kristensen Sigurjónssyni, Vallargötu 27, Sandgerði, kt. 7.6.1962-3029, fyrir að aka, aðfaranótt mánudagsins 18. júlí 1988, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni G-25989 frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu í Reykjavík, um götur þar í nágrenninu og aftur að sömu gatnamótum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

II.

Aðfaranótt mánudagsins 18. júlí 1988 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um, að ölvaður maður hefði ekið af stað frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu á rauðri amerískri bifreið. Lögreglan fór á staðinn og leitaði bifreiðarinnar, en skömmu síðar kom tilkynning um, að bifreiðin væri komin aftur á sama stað og henni var ekið frá. Er lögreglumennirnir Hálf dán Daðason og Valdimar Björnsson komu á staðinn, stóð ákærði nálægt bifreiðinni, og fundu þeir kveikjúláslykla bifreiðarinnar í vasa hans. Bæði þústgrein og vélarlok bifreiðarinnar voru mjög heit, og einnig var jakki, sem ákærði var klæddur í skömmu áður, inni í bifreiðinni í hægra framsæti. Lögreglumennirnir höfðu áður haft afskipti af fólki vegna tilkynningar um, að þar ættu sér stað slagsmál. Ákærði var færður á lögreglustöðina og þar fyrir Kristleif Guðbjörnsson varðstjóra, er tók skýrslu af honum um meintan ölvunarakstur. Ákærða var gert að gefa öndunarsýni, og sýndi það fjórða stig. Niðurstaða alkóhólákvörðunar á magni alkóhóls í blóðsýni hans reyndist vera 1,62‰. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra játaði ákærði að hafa ekið frá gatnamótum Skeggjagötu og Gunnarsbrautar og síðan hring í hverfinu og að hafa lagt bifreiðinni á sama stað aftur. Kvaðst ákærði hafa drukkið fjögur glös af vodkablöndu á veitingahúsinu við Laugaveg 116 frá miðnætti til um klukkan 1 þá um nóttina. Samkvæmt skýrslu varðstjóra kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Undir þessa skýrslu ritar ákærði nafn sitt og var síðan frjáls ferða sinna að lokinni töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Gullbringusýslu þann 7. september 1988. Þá ákvörðun felldi lögreglustjóri úr gildi 14. júní 1989, og ákærða voru veitt ökuréttindin aftur.

Þann 7. september 1988 var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Keflavík um mál þetta, og kvaðst hann þá hafa í umrætt sinn ekið frá heimili sínu að Akurbraut 10 í Njarðvík og að skemmtistaðnum Akabadabra (sic) í Reykjavík. Þá hafði ákærði ekki neytt áfengis. Kvaðst hann hafa verið á balli þarna um kvöldið og neytt áfengis. Ekki mundi hann, hversu mikið hann drakk, en kveðst hafa verið farinn að finna til áfengisáhrifa. Eftir ballið kveðst ákærði hafa staðið utan við skemmtistaðinn, þegar að máli kom við hann strákur og spurði, hvort ætti að keyra bílinn fyrir hann. Ákærði kveðst ekki þekkja þennan strák, en lét hann samt aka. Strákurinn ók af stað og að einhverju húsi í nágrenninu, og þar ætluðu þeir báðir inn, en var ekki hleypt inn. Síðan hafi stráknum verið

hleypt inn, en ákærði kveðst hafa staðið fyrir utan. Eftir smátíma var ákærða hleypt inn í húsið, en hann kveðst engan hafa þekkt þar og því farið út aftur, og þá hafi strákurinn komið á eftir honum og látið ákærða hafa lykilinn að bifreiðinni. Ákærði kveðst hafa stungið lyklinum í vasann, og þegar hann var að ganga upp stéttina rétt hjá bifreiðinni, kom lögreglan á staðinn og handtók hann. Ákærði kveðst ekki hafa staðið við hliðina á bifreiðinni, heldur í næsta nágrenni hennar. Framburður ákærða um málavexti hér fyrir dómi er á sama veg og fyrir rannsóknarlögreglu. Jafnframt segir ákærði, að framburður hans hjá lögreglunni í Reykjavík þann 18. júlí 1988 sé rangur, hvað varðar akstur hans undir áhrifum áfengis. Ákærði kveðst hafa verið á lögreglustöðinni í um það bil hálfa til eina klukkustund, og hafi hann í fyrstu neitað að hafa ekið bifreiðinni. Ákærði hafi spurt lögreglumenn, hvort hann yrði settur í fangahús, ef hann játaði ekki, og hafi lögreglumenn svarað því játandi. Því hafi ákærði skrifað undir yfirlýsingu þess efnis, að hann hefði ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Þá kveðst ákærði ekki hafa orðið var við áflog fyrir utan húsið.

Vitnið Árni Einarsson, Skeggjagötu 8, Reykjavík, segir við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 26. september 1988, að hann hafi hringt í lögregluna vegna hávaða fyrir utan húsið, og einnig hafi verið um áflog pilta að ræða. Vitnið segir, að lögreglan hafi komið á staðinn og skakkað leikinn og síðan farið. Stuttu síðar hafi bifreið verið gangsett og síðan ekið í burtu, og skömmu síðar kom bifreiðin aftur að húsinu, og út úr bifreiðinni steig sami piltur og farið hafði af stað á bifreiðinni skömmu áður. Vitnið segir, að pilturinn hafi farið einn á bifreiðinni og komið einn til baka, og fullyrðir vitnið, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið piltur sá, er lögreglan handtók og fór með í lögreglubifreiðinni. Við yfirheyrslu fyrir dómi þann 13. júlí sl. staðfestir vitnið framburð sinn fyrir lögreglu og er þess enn fullvíst, að lögreglan handtók sama mann og hafði ekið rauðri bifreið þá skömmu áður. Vitnið segir, að umrædda nótt hafi verið frekar skuggsýnt. Vitnið segist tvívegis hafa hringt á lögregluna, í fyrra sinn vegna ólátanna og í annað vegna hins meinta ölvunaraksturs.

Vitnið Hálfván Daðason lögreglumaður, Háaleitisbraut 107, Reykjavík, ber hér fyrir dómi, að það hafi fengið útkall á mótum Gunnarsbraut (sic) og Kjartansgötu vegna slagsmála, sem þar áttu að vera, en þegar á staðinn kom, var allt yfirstaðið. Fóru lögreglumennirnir því á brott. Skömmu síðar fengu þeir tilkynningu um, að ölvaður maður hefði farið á bifreið frá þessu sama húsi. Hófu þeir þá leit að bifreiðinni, en skömmu síðar barst tilkynning um, að bifreiðin væri aftur komin á sama stað. Þegar vitnið kom þar að, stóð ákærði hinum megin við götuna, og var hann boðaður í lögreglubifreiðina. Þar neitaði ákærði í fyrstu að hafa ekið bifreiðinni, en játaði það að lokum. Segir vitnið, að ákærði hafi breytt framburði, þegar gengið

var á hann. Því næst var ákærði fluttur til lögreglustöðvar, og rámar vitnið í, að játning ákærða hafi legið fyrir, þegar á stöðina var komið, og ekki breyst þar. Vitnið segir, að þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem þeir höfðu afskipti af ákærða þá um kvöldið, en þó kveðst vitnið hafa séð til hans í hópi fólks þá fyrr um kvöldið fyrir utan áðurnefnt hús. Vitnið segir, að Árni Einarsson hafi bent á ákærða sem ökumann.

Framburður vitnisins Valdimars Björnssonar lögreglumanns, Ásabraut 21, Kópavogi, er á sama veg og vitnisins Hálfðáns (sic), að því er varðar aðdraganda að handtöku ákærða. Þó minnst vitnið þess ekki, að ákærði hafi játað ölvunaraksturinn í lögreglubifreiðinni á leið til stöðvar.

Vitnið Kristleifur Guðbjörnsson aðstoðarvarðstjóri, Arkarholti 4, Mosfellsbæ, kveðst hafa fyllt út varðstjóraskýrslu þá, sem liggur frammi í málinu. Segir vitnið, að ákærði hafi játað fyrir vitninu að hafa ekið umræddri bifreið þá skömmu áður. Jafnframt segir vitnið, að ákærði hefði verið settur í geymslu vegna málsrannsóknar, ef hann hefði ekki játað brotið, en vitnið minnst þess þó ekki sérstaklega, að þessi hótun hefði verið höfð uppi við ákærða. Vitnið segir, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður.

III.

IV.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 2. mars sl., hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1980 19/5 Gullbringusýslu, Keflavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfl. Sviptur ökul. 8 mán. frá 19.5.80.
- 1981 14/9 Gullbringus., Keflavík: Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 14.9.81.
- 1983 21/2 Gullbringus., Keflavík: Dómur: 7.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 12.11.82.
- 1983 20/4 Gullbringus., Keflavík: Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr., sbr. 80. gr. umfl.
- 1983 21/9 Sakadómur Rvík: Nr. 411. Dómur: 16.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl.
- 1985 23/10 Gullbringus., Keflavík: Dómur: Varðhald 25 daga f. brot g. 2. mgr. 17. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1987 10/7 Gullbringus., Keflavík: Dómur: 30.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

Sakadómur Rvík (sic):

Veitt heimild til ökuleyfis á ný 20.10.87.

Játning ákærða fyrir lögreglu þann 18. júlí 1988 og framburður vitnisins Árna Einarssonar leiða að því líkum, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn frá gatnamótum Gunnarsbrautar og Skeggjagötu í Reykjavík undir áhrifum áfengis, svo sem greinir í ákæru. Er ákærði gaf umrædda játningu, var hann ölvaður, og fyrir liggur í málinu, að hann hefði verið settur í geymslu vegna málsrannsóknar, ef hann hefði ekki játað. Ákærði hefur staðfastlega neitað í síðari yfirheyrslum að hafa ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Með hliðsjón af framansögðu og staðfastri neitun ákærða á að hafa framið verknað þann, sem greinir í ákæru, verður ekki talið, að komin sé fram lögfull sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-25989 í umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Símonar Ólasonar hdl., kr. 35.000, auk söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Michael Kristensen Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan sakarkostnað skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Símonar Ólasonar hdl., kr. 35.000, auk söluskatts.
